

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1234
komudagur 14. 3. 2002

Samhjálp

HVERFISGÖTU 42
PÓSTHÓLF 745
121 REYKJAVÍK
ICELAND

SÍMI 561 1000
FAX 561 0050

KENNITALA 551173-0389
NETFANG SAMHJALP@SAMHJALP.IS
VEFFANG WWW.SAMHJALP.IS

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Samhjálp 4. mars 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heildarstefnu, uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Undirritaður fagnar því að heildarstefna um rekstur meðferðarstofnana verði mótuð, með það að markmiði að tryggja sjúklingum þá meðferð sem gefur bestan árangur. Það er því von á því að breyting verði á, hvað varðar þær meðferðarstofnanir sem hingað til hafa verið í fjársvælti og ekki getað fullnýtt legurými sín.

Varðandi árangursmælingar, ber að hafa í huga að samsetning þeirra einstaklinga sem sækja meðferð er mismunandi eftir meðferðarstofnunum. Til dæmis er u.þ.b. 95% þeirra sem í Hlaðgerðarkot koma, einstaklingar sem reynt hafa önnur meðferðarúrræði án þess að hafa náð árangri, á sama tíma og hlutfall nýliða á Vogu er hærra. Því má færa rök fyrir því að hærra hlutfall sjúklinga í Hlaðgerðarkoti séu verr á sig komnir við innritun en sjúklingar á Vogu. Árangursmæling sem ekki tæki tillit til þessara þátta gæfi því ekki rétta mynd af árangri.

Nauðsynlegt er að árangurstölur sem birtar eru opinberlega séu framkvæmdar af óháðum aðilum og þess sé gætt að sami stuðull sé notaður við samanburð. Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með ótilgreindum stofnunum skella fram árangurstölum án þess að upp séu gefnar forsendur og hvernig fjölmiðlar hafa gleypst við þeim.

Það skal einnig bent á að ef árangursmælingar eiga að ráða því hvernig opinberu fé er varið, þá þarf að framkvæma þær með reglubundnum hætti en einnig að gera þeim stofnunum sem ekki hafa innbyggt kerfi til „innan húss mælinga“, fjárhagslega kleift að setja það upp. Árangursmælingar eru kostnaðar- og tímafrekar en jafnframt nauðsynlegt stjórnþæki, því stöðugt þarf að leitast við að bæta árangur.

Varðandi starfsemi Hlaðgerðarkots skal eftirfarandi tekið fram: Eins og áður kom fram eru margir þeirra einstaklinga sem leggjast inn á Hlaðgerðarkot illa farnir. Því er mjög auðvelt að færa rök fyrir því að væru þeir ekki innritaðir í Hlaðgerðarkot, væru þeir á öðrum stofnunum í mun dýrari rýmum en hver legudagur í Hlaðgerðarkoti er tæpar sjö þúsund krónur. Með þeim rökum er hægt að taka undir með þeim sem telja vistina sem slíka árangur, vissulega eru menn ekki í afbrotum á meðan, í það minnsta eru þeir ekki í dýrari sjúkrarýmum. En hvað varðar meðferð hjá Samhjálp, þá teljum við það ekki árangur, þó einstaklingur sé án vímuefna á meðan hann dvelur innan veggja stofnunarinnar. Árangur næst þegar einstaklingur heldur sér frá áfengi og eða eiturlyfjum eftir að meðferð líkur. Slíkt ætti að vera markmið hvernar meðferðarstofnunar, annars er bara um lúxus-gistiskýli að ræða.

Árið 2000, hóf Samhjálp samstarf við erlend meðferðarsamtök sem nefnast „Teen Challenge”, (www.teenchallenge.com), samtökin sem eru þau stærstu sinnar tegundar í heiminum, reka meðferðarstarf í 33 ríkjum í Evrópu og í flestum fylkjum Bandaríkjanna, þaðan sem samtökin eru upprunnin. Óháðar árangursmælingar hafa verið gerðar í Bandaríkjunum og reynist árangur vera 50-86%. Þessi árangur er einstakur. Þegar hefur verið hafist handa við að þýða, móta og innleiða aðferðir þeirra í Hlaðgerðarkoti. Það krefst mikillar vinnu og einbeitingar að setja markið hátt en við teljum það mögulegt þar sem brautin hefur verið rudd að einhverju leiti af samstarfsaðilum okkar. Stærsti þröskuldurinn verður þó að geta boðið upp á 4 til 18 mánaða meðferð en það er ein forsenda þess að ná þessum mikla árangri. Stofnkostnaður við slíkt meðferðarúrræði verður mikill og vart mögulegur án þátttöku ríkisins en taka verður til greina sú fjárfesting yrði mjög arðbær, miðað við árangur Teen Challenge í Bandaríkjunum. Ekki þarf að taka fram að tilgangurinn með samstarfinu er að bæta enn meðferðarárangur okkar.

Það skal tekið fram vegna nafns samtakanna að starfsemin er ætluð öllum aldurshópum en var í upphafi, árið 1958, miðuð við þarfir unglinga. Það skal einnig tekið fram að Evrópuleiðtogi samtakanna verður á Íslandi 2. til 6. maí. Vil ég hvetja flutningsmenn tillögunnar að nota tækifærið og kynna sér starfsemi þeirra.

Það er von mín að sú nefnd sem ályktað er að setja á laggirnar verði ekki skipuð einslitnum hópi og eða hún kalli til samstarfs fulltrúa stærri sem smærri stofnana.

Ég vil enn lýsa ánægju minni með þetta framtak og tel að þetta muni verða þeim til framdráttar sem mest þurfa á því að halda, það er sjúklingunum sjálfum.

Virðingarfyllst,



G. Heiðar Guðnason, forstöðumaður